## Að lána bekkjarsett á milli grunnskóla.

18. janúar 2023

# Athugið þetta verklag á örugglega eftir að taka breytingum en þetta er tímabundin lausn sem hægt er að vinna með.

# Þessar leiðbeiningar eiga við um bekkjarsett sem eru lánuð milli skóla. Fyrir stakar bækur fyrir tiltekinn lánþega skal nota <u>bessar leiðbeiningar</u>.

Til þess að geta haldið utan um lán á milli bókasafna þá þarf að vinna eftir verklagi svo að ekki þurfi að hnekkja lán. Þegar hnekkja er notað þá er ekki hægt að draga út lista yfir útlán, fylgjast með hvaða nemendur eru með bækur úr öðrum söfnum eða skila bókum (án þess að bókin fari í flutning/transit).

Athugið, aðeins er hægt að fá lánað bekkjarsett á þennan hátt innan sama safnkjarna. Þ.e.a.s. samsteypusöfn geta aðeins fengið lánaðar bækur frá öðrum grunnskólum í ALM safnakjarnanum. Grunnskólar í GRUNNSK geta lánað bækur sín á milli. Til þess að fá lánað á milli safnakjarna skal hafa samband við <u>hjalp@landskerfi.is</u>.

Þegar bókasafn hefur fengið bekkjarsett frá öðru bókasafni þá getur það breytt tímabundið um staðsetningu á þeim bókum sem bókasafnið er með í láni. Þegar staðsetning hefur verið breytt þá er t.a.m. hægt að lána nemendum bækurnar án þess að þurfa að hnekkja lánin. Einnig er hægt að keyra út lista yfir bækur sem eru í tímabundinni staðsetningu.

### Að fá lánað bekkjarsett frá öðrum söfnum

Það þarf að byrja á því að fara í "Skanna eintök" undir Útlán eða Aðföng. Svo skal velja "Breyta upplýsingum um eintak".

Skanna eintök

Breyta upplýsingum um eintak

Hér þarf að passa að aðeins skal velja "Tímabundið" og <u>alls ekki</u> "Varanlegt" undir Breyta tegund. Svo þarf að velja safndeildina sem bækurnar eiga að vera í undir "Staðsetning", "Reglur eintaks" (30 dagar, annarlán o.s.frv.), en einnig er hægt að velja dagsetningu í "Verður skilað" reitnum (valkostur). Það er þá sú dagsetning sem kerfið mun heimta að fara að koma bókunum aftur í upprunastillingar. Að lokum skal skanna inn öll eintökin sem verið var að fá lánað.

Skanna eintök Breyt	ta upplýsingum um eintak					
	wine how dia					state
Breyta teguno	Timabundið		· ·	verour skilao		
Staðsetning *	Almennt		-	Reglur eintaks	30 dagar	•
Tegund staðsetningar			•	Staðsetning		
Leslisti			≣	]		
Nýtt strikamerki						
Skanna strikamerki eintaks *		:=	í lagi			
Athuga beiðnir						

Þegar búið er að skanna inn bekkjarsettin er hægt að lána bækurnar út eins og um er að ræða eigin bækur.

Ef settar eru inn dagsetningar á tímabundnar stillingar þá mun eftirfarandi gerast þegar dagsetningin er liðin:

- Ef bókin var í láni þegar dagsetningin rann upp, þá munu tímabundnu stillingarnar detta sjálfkrafa út þegar bókinni er skilað. Bókin heimtar þá að fara í "Flutning" heim.
- Ef bókin var í hillu hjá þér þegar dagsetningin rann upp, þá mun hún birtast á verkefnalista hjá þér degi síðar, undir "Sótt í hillu" og væri þar flokkuð sem beiðni af tegundinni "Endurheimta eintak". Þá ferðu aftur í "Skanna eintök" "Breyta upplýsingum um eintak" og velur "Endurheimta" í staðinn fyrir "Tímabundið" undir Breyta tegund. Skannar bókina inn, hún hreinsast af tímabundnum stillingum og vill fara heim, í flutning.

Verkefni		
5 Útsendar MSL-beiðnir	<b>&gt;</b>	
14 Aðsendar MSL-beiðnir	>	
5 Aðrar beiðnir	~	
5 Sótt í hillu		

#### Að endurheimta bækurnar sínar eftir útlán

Ef ekki var sett inn dagsetning í "Verður skilað" þá þarf að finna til bekkjarsettin þegar komin er tími til að skila þeim. Þá skal fara aftur í "Skanna eintök" og velja þar "Breyta upplýsingum um eintak". Hér þarf að velja "Endurheimta" undir "Breyta tegund" og svo skal skanna bekkjarsettin inn.

Skanna eintök		Hreinsa lista Loka
Skanna eintök Breyta upplýsingum um eintak.		
Breyta tegund Endurheimta	✓ Skanna strikamerki eintaks *	i≡ ílagi
Athuga beiðnir 🛛 🗹		

Þegar búið er að velja endurheimta fer bókin í "flutning" yfir á sitt safn. Þegar bókin er komin á rétt safn þarf að fara í skanna eintök og skanna bækurnar inn þar, til þess að "móttaka" eintökin úr flutning. Þá eru þær tilbúnar að fara upp í hillu.

Skanna eintök Breyta up	lýsingum um eintak
Prenta miða sjálfkrafa	🔵 Já 🔵 Nei
External Identifier	🔵 Já 🔵 Nei
Skrá innanhússnotkun	
Tegund verkbeiðni	•
Skanna strikamerki eintaks *	Q Fletta upp eða velja IIII Í lagi
Skanna auðkenni beiðni	Ílagi

### Að leita að eintökum í tímabundinni staðsetningu

Það er hægt að leita að eintökum sem eru í tímabundinni staðsetningu á bókasafninu ykkar með því að nota ítarlegu leitina.

Til þess að nota ítarlegu leitina skal smella á stækkunarglerið við hliðina á leitarglugganum. Það þarf að passa að leita í "Áþreifanleg eintök" til þess að fá lista yfir eintökin sem eru í láni. Svo er hægt að velja að leita eftir eintökum sem eru "Á tímabundinni staðsetningu".

Apreifanleg eintök 🗾 Le	eitarorð 👻						<b>ħ</b> ▼	Q
Leita í: Áþreifanleg eintök 🔻 🛛 k	Kjarni: 🔵 🕇	Safnakjarni 🔿 🗛 Lar	ndskjarni 🔵 🎗	Heimskjarni				)
Áþreifanlegt eintak: Á tímabun	dinni st;	Jafngildir	•	Já	•	0	G	
					Hreinsa eyðublað	3	Leita	

Með því að nota þessa leit er hægt að fletta upp öllum eintökum sem eru í tímabundinni staðsetning á safninu. Einnig er hægt að fletta upp eintökum eftir titli og í tímabundinni staðsetningu.

Til þess að sjá hver er með bækur að láni er hægt að smella á "Útlán". <u>Hér</u> eru leiðbeiningar um hvernig skal svo draga út lista yfir leit sem hefur verið framkvæmd.